

Björk hlúir að sprotum

Vísir að ábyrgri uppbyggingu

Það er vel til fundið hjá Auði Capital að stofna sérstakan sjóð til styrktar sprotastarfsemi á Islandi. Og vel við hæfi að gera það í samstarfi við Björk Guðmundsdóttur, sem hefur unnið ótullega að því að draga fram hugmyndir að sprotafyrirtækjum og vekja athygli á þeim.

Sjóðurinn ber nafn Bjarkar og honum er ætlað að styðja sérstaklega við umhverfsvæna starfsemi. Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auðar Capital, segir stefnuna jafnframt þá að styrkja fyrirtæki sem séu fjárhagslega arðbær og stundi samfélagslega ábyrga stjórnarhætti.

Stefna Bjarkar verður í samræmi við þann boðskap, sem þekktur umhverfisverndarsinni, Paul Hawken, boðaði hér á landi í liðinni viku. Hawken, sem var hér á landi í boði Bjarkar Guðmundsdóttur og nattura.info, benti á að umhverfið væri hin hagnýta framtíðarfjárfesting.

I viðtali við Morgunblaðið sl.

sunnudag sagði hann m.a. að Ísland ætti tvær

auðlindir, landið og fólkið sjálft. „Landið á aðeins eftir að verða verðmætara vegna sérstöðu þess og hreinleika. Ísland er góð uppspretta vitneskju, nýsköpunar, hugmyndaauðgi, athafnamennsku og menntunar.“

Auður Capital og Björk Guðmundsdóttir líta til nýrrar framtíðar með stofnun fagfjárfestastjóðsins. Halla Tómasdóttir bendir réttilega á, að æskilegt sé að stjórnvöld setji fram nýsköpunarstefnu. En hún tekur líka fram, að nú sé grasrótin, fólkið í landinu, orðin öflugri og hún eigi að setja fram framtíðarsýn fremur en stjórnvöld.

Vonandi munu fjárfestar átta sig á mikilvægi þess að styrkja Björk. Sjóðurinn er enn sem komið er sjálfur sproti, en getur leitt uppbyggingu á samfélagslega ábyrgan hátt.

